


# 48. Siglingaþing

Skýrsla stjórnar



22.02.2020

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

# Siglingasamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 5  
104 Reykjavík  
netfnag sil@silsport.is

## Efnisyfirlit

<b>DAGSKRÁ 48. SIGLINGAÞINGS .....</b>	<b>3</b>
<b>STJÓRN SÍL KOSIN Á 47. SIGLINGAÞINGI 2019.....</b>	<b>3</b>
<b>YFIRLIT YFIR IÐKENDUR .....</b>	<b>4</b>
<b>SKÝRSLA FORMANNS.....</b>	<b>5</b>
<b>SKÝRSLA FRÁ WORLD SAILING .....</b>	<b>6</b>
<b>ÚRSLIT 2020.....</b>	<b>7</b>
<b>LÖG SÍL .....</b>	<b>14</b>
<b>REIKNINGAR 2020.....</b>	<b>18</b>
<b>ÁRITUN SKOÐUNARMANNA .....</b>	<b>19</b>

**Skýrsla 48. Siglingaþings var unnin af**  
Aðalsteini J. Lofssyni  
Markúsi Elvarssyni

# Dagskrá 48. Siglingaþings

- 4.1.1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
  - a) Fjárhagsnefnd 3 manna
  - b) Laga og leikreglanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
  - a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
  - b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
  - c) Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

## Stjórn SÍL kosin á 47. Siglingaþingi 2019

Aðalsteinn Jens Loftsson formaður  
Hulda Stefanía Hólm varaformaður  
Markús Pétursson gjaldkeri  
Áki Gunnar Karlsson Ritari meðstjórnandi  
Ríkhartur Daði Ólafsson meðstjórnandi  
Guðmundur Benediktsson varamaður  
Ólafur Bjarnason varamaður  
Sigríður G Ólafsdóttir varamaður

# Yfirlit yfir iðkendum

Héraðssamband/félög	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020
<b>Íþróttabandalag Reykjavíkur</b>							
Brokey, siglingafélag Reykjavíkur	198	198	205	170	168	175	171
Kayakklúbburinn	497	497	497	493	492	491	493
<b>Ungmennafélag Kjalarnesþings</b>							
Siglingafélagið Ýmir	253	252	252	249	259	209	209
<b>Íþróttabandalag Akureyrar</b>							
Siglingafélagið Nökkvi	53	-	53	-	182	245	276
<b>Íþróttabandalag Hafnarfjarðar</b>							
Siglingaklúbburinn Þytur	476	257	296	303	379	506	572
<b>Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu</b>							
Siglingadeild Snæfells	25	25	25	25	1	1	1
<b>Héraðssamband Vestfirðinga</b>							
Siglingafélagið Sæfari	50	-	50	50	50	50	50
<b>Ungmennasamband Skagafjarðar</b>							
Siglingaklúbburinn Drangey	66	66	97	97	97	97	97
<b>Íþróttabandalag Akraness</b>							
Siglingafélagið Sigurfari				11	44	35	69
<b>Alls</b>	<b>1.618</b>	<b>1.295</b>	<b>1.475</b>	<b>1.398</b>	<b>1.672</b>	<b>1.809</b>	<b>1.938</b>

Í töfluna vantar Siglingadeild Völsungs, Sjóspórtsklúbb Austurlands og Kayakklúbbinn KAJ, félag kajakræðara á Austurlandi, þar sem ekki eru til nein talnagögn fyrir þessi félög í Felix, félagaskrá ÍSÍ, fyrir þetta tímabil.

Unnið er að því að koma á stofn siglingadeild á Seyðisfirði og endurvekja Vog í Garðabæ

# Skýrsla formanns



Aðalsteinn Jens Loftsson var endurkjörinn formaður á síðasta þingi.

Því miður er það ennþá þannig að í þessari íþrótt eins og fleiri íþróttagreinum að illa gengur að fá viðunandi aðstöðu og nú er næsta víst að ráðist verður í brúarbyggingu yfir Fossvog með tilheyrandi skerðingu á siglingasvæði fyrir okkar iðkendur. Brokey er ennþá í áratugalöngum viðræðum við Reykjavíkurborg um framtíðaraðstöðu. Góðu fréttirinar í húsnæðismálum eru að Nökkvi mun fá nýja aðstöðu á þessu ári eftir áratugalanga baráttu. Hamingjuóskir til Nökkva og það verður örugglega fjölmennt til Akureyrar næsta sumar að keppa og taka út nýju aðstöðuna.

Þegar vorar hlakkar mann alltaf til að komast út á sjó. Því miður þá fengum við þriðja árið í röð af leiðindum. Árin 2 þar á undan voru leiðindin veður í formi logns eða allt of mikið af vindi. Árið 2020 voru leiðindin í formi alheimsfaraldursins COVID-19 sem vondandi sér fyrir endann á þessu ári. Engu að síður tókst að halda megnið af þeim keppnum sem voru á mótaskrá Siglingasambandið stóð fyrir því að haldið var öryggisátanamskeið sem voru ágætlega sótt. Markús Pétursson hafði umsjón með námskeiðunum. Til stóð að halda þjálfaranámskeið og fleira en það fór allt á COVID-19 salt.

Önnur stór verkefni sem voru á planinu voru t.d. að senda Huldu Lilju Hannesdóttur á úrtökumót fyrir Ólympíuleikana 2020.

Einnig stóð til að senda hóp þátttöku fyrir Íslands hönd á Norðurlandamót unglinga.

Þessi áform gufuðu öll upp í COVID-19 skýi.

Æfingabúðir þetta árið voru haldnar á Akranesi með aðkomu Sigurfara. Þátttaka var nokkuð undir væntingum en veðrið var gott og æfingabúðamótið tókst vel.

Til stóð að ráða nýjan starfsmann í stað Jóns Péturs en þau áform voru sett á salt vegna óvissu um hvernig starfið yrði og blikur voru á lofti um minnkandi tekjur. Með þeirri ákvörðun náðist að stækka sjóð SÍL sem kemur vonandi í góðar þarfir þegar við getum farið af stað aftur með t.d. innflutning á þjálfurum og fleiru.

Opnunarmót á kjölbátum og Sjómannadagskeppni féllu niður vegna COVID-19. Íslandsmót á kjölbátum lenti inni á tímabili þar sem keppnishald var bannað vegna COVID-19. Því var brugðið á það ráð að fresta Íslandsmóti á kjölbátum yfir á tímabil þegar opnaðist fyrir keppnishald og láta eina umferð í því gilda sem opnunarmót.

Enginn skráði sig í Bart's bash og því féll sú keppni niður.

Áramaót Ýmis féll niður vegna COVID-19 keppnisbanns.

Lokahóf SÍL var ekki haldið frekar en margra annara sambanda vegna COVID-19.

SÍL kom 2 siglingakonum og 2 siglingaþjálfurum inni Emerging Nations program hjá World Sailing s.l. haust.

Einnig erum við komin í samband við finna sem gæti gefið okkur möguleika að senda börn í æfingabúðir erlendis á Optimist.

Rúsínan í pylsuendanum er að það er nánast öruggt að við munum halda alþjóðlegt mót á RS AERO árið 2022 í samvinnu við RS Sailing. Það er gaman að segja frá því að þetta hófst allt með mynd af formanni að sigla RS AERO í lokamóti 2020 á Akureyri. Það kom svo komment á þessa mynd hvort það væri hægt að halda mót á RS AERO á Íslandi? Svo fór boltinn að rúlla og þokast í þessa átt. Til stendur að RS Sailing flytji inn 20 báta sem verða leigðir á mótinu og þeir verða til sölu eftir mótið. Þá verður tækifæri að fá RS AERO á kostakjörum. Endanleg dagsetning verður tilkynnt síðar

# Skýrsla frá World Sailing



Síðastliðið ár var heldur rósturssamt hjá Alþjóða siglingasambandinu (WS), ekki bara setti heimsfaraldurinn setti mark sitt á árið, heldur voru líka kosningar þar sem baráttan var einstaklega hörð og óvægin. Óvenju mikið var um fundi og var það fyrst og fremst að verið var að nýta möguleikana á rafrænum fundum til að fara yfir einstaka mál eins og t.d. fyrirkomulag á starfsemi sambandsins í heimsfaraldri. Að auki þurfti að fá sérstaka

undanþágur á reglum sambandsins til að halda rafrænan aðalfund og kosningar.

Til að útskýra hin miklu átök ársins þá eiga þau sér nokkuð langann aðdraganda en einfaldast að útskýra það sem svo að innan sambandsins séu tvær megin fylkingar, annars vegar sá íhaldshópur sem vill litlu breyta og telur að það komi niður á íþróttinni að gera slíkt. Og svo hinn hópurinn sem telur það styrkja íþróttina og koma með nýrri báta og umgerð móta m.a. á Ólympíuleikana. Það fór til dæmis afar illa í íhaldshópinn að ákveðið var að hætta að keppa í flokki þungra karla og að þar með færi Finn kænán úr keppnisbátum á Ólympíuleikunum.

Kim Andersen (DK) fyrrum forseti WS var meðal þeirra sem leiddi miklar breytingar innan sambandsins sem ullu nokkrum kurr innan sambandsins og leiddi til þriggja mótframboða í kosningum til forseta. Til að hljóta kosningu þarf forsetinn að hafa yfir 50 % atkvæða. Nái því enginn þarf að kjósa aftur.

Fyrir kosningar var talið að Gerardo Seeliger væri hans helsti mótframbjóðandi en hann var fulltrúi íhaldshafna inna sambandsins hann lenti þó aðeins í þriðja sæti en kjósa varða aftur og þá á milli Kim Andersen og Quanghai Li frá Kína. Að lokum fór svo að Kim fékk 60 atkvæði á móti 68 atkvæðum Li. Ný framkvæmdastjórn er þó að meirihluta úr framsæknari hluta sambandsins og má því líta svo á að líklegt er að áframhaldandi þróun og breytingar muni eiga sér stað.

Atlaga íhaldsmanna á hendur forseta sambandsins hafa verið linnulausar undanfarið ár. Hafa þeir ítrekað kært hann til siðanefndar sambandsins og reynt að gefa þá mynd að um gerspiltan forseta hafi verið að ræða. Sú mynd passar þó ekki alveg enda og falsfréttir og áróður hefur sett mark sitt á árið. Undirritaður sat í Siðanefnd WS og fannst nóg um atlöguna og fór svo að hann sagði sig úr nefndinni í ágúst síðastliðnum sökum þess að honum fannst nefndir hafa tapað hlutleysi sínu og eru enn eftirmálar sökum starfsemi nefndarinnar.

Önnur mál sem hæst báru á árinu er fyrst að nefna að Ólympíuleikunum í Japan var frestað þar til í sumar. Afleiðingar þessa voru miklar fyrir flesta íþróttamenn og fjölmörg Alþjóðleg sérsambönd þar sem helsta tekjulind þeirra eru Ólympíuleikarnir. Einnig vöknudú upp spurningar um hvernig fara ætti með alþjóða kappsiglingafyrirmælin en uppfærslur hafa miðast við Ólympíuleikana. Nýjar reglur tóku samt gildi um áramót þó svo að leikarnir hafi ekki verið haldnir síðast liðið sumar.

Mikið var um rafræna fundi bæði og því árið allt með öðru sniði en venjulega var ekki mikið um ákvarðanir í nefndum.

Með nýrri stjórn taka líka til starfa nýjar nefndir sambandsins. Íslendingar eiga ekki lengur fulltrúa í neinni nefnd sambandsins þrátt fyrir að hafa átt fulltrúa í nefndum sambandsins í meira en 20 ár. Undirritaður er þó enn fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna í Council ásamt Anikku Ekman frá Svíþjóð næstu 4 árin en að því tímabili loknu verður kosinn nýr fulltrúi í minn stað.

Úlfur H. Hróbjartsson

# Úrslit 2020

## Kayak

Engar keppnir voru á keppniskrá

## Kænur

Opnunarmót Ýmir

Nafn (Optimist flokkur)	Félag	U-1	U-2	U-3	Samtals	Sæti
Högni Halldórsson	Brokey	1	1	2	4	1
Kjartan Christiansson	Þytur	2	4	1	7	2
Marek Ari Baeumer	Þytur	3	3	3	9	3
Steiney Lilja Einarsdóttir	Þytur	4	2	4	10	4
Hildur Karen	Þytur	5	5	5	15	5

Nafn (Opinn flokkur)	Bátur	Félag	U-1	U-2	U-3	Samt. stig	Sæti
Ríkarður D Ólafsson	Laser Radial	Þytur	1	1	1	3	1
Tara Ósk Markúsdóttir	Laser Radial	Þytur	2	3	2	7	2
Árni Friðrik Guðmundsson	Laser 4.7	Brokey	3	2	3	8	3
Markus Pétursson	Laser Standard	Þytur	4	4	4	12	4

## Miðsumarmót Þytur

<i>Nafn (Optimistflokkur)</i>	<i>Bátur</i>	<i>Félag</i>	<i>U-1</i>	<i>U-2</i>	<i>U-3</i>	<i>U-4</i>	<i>U-5</i>	<i>U-6</i>	<i>Samt. Stig</i>	<i>Sæti</i>
Hjalti Björn Bjarnason	Optimist	Brokey	1	1	1	1	1	1	6	1
Hrafnkell Stefán Hannesson	Optimist	Brokey	2	2	2	2	2	2	12	2
Marek Ari Baeumer	Optimist	Þytur	4	3	3	3	3	3	19	3
Hildur Karen	Optimist	Þytur	3	7	7	4	4	4	29	4
Kjartan Christiansson	Optimist	Þytur	7	7	7	7	7	6	35	5

<i>Nafn (Opinn flokkur)</i>	<i>Bátur</i>	<i>Félag</i>	<i>U-1</i>	<i>U-2</i>	<i>U-3</i>	<i>U-4</i>	<i>U-5</i>	<i>U-6</i>	<i>Samt. Stig</i>	<i>Sæti</i>
Tara Ósk Markúsdóttir	Laser Radial	Þytur	1	2	2	2	2	2	11	1
Hólmfriður Gunnarsdóttir	Laser 4,7	Brokey	4	4	3	1	1	1	14	2
Aðalsteinn Jens Loftsson	RS-Aero 9	Ýmir	3	3	1	4	6	4	21	3
Árni Friðrik Guðmundsson	Laser 4,7	Brokey	5	5	4	3	3	3	23	4
Rúnar Steinsen	Finn	Þytur	2	1	7	7	7	7	31	5

## Æfingabúðamót SÍL/Sigurfari

<i>Nafn (Opinn flokkur)</i>	<i>Bátur</i>	<i>Félag</i>	<i>U-1</i>	<i>U-2</i>	<i>U-3</i>	<i>U-4</i>	<i>Samt. stig</i>	<i>Sæti</i>
Tara Ósk Markúsdóttir	Radial	Þytur	1	1	1	1	4	1
Hólmfriður Gunnarsdóttir	4,7	Brokey	2	2	2	2	8	2
Árni Friðrik Guðmundsson	4,7	Brokey	3	3	3	3	12	3

<i>Nafn (Optimist flokkur)</i>	<i>Félag</i>	<i>U-1</i>	<i>U-2</i>	<i>U-3</i>	<i>U-4</i>	<i>Samtals</i>	<i>Sæti</i>
Hjalti Björn Bjarnason	Brokey	3	1	1	1	6	1
Ólafur Áki Kjartansson	Brokey	1	2	2	2	7	2
Hrafnkell Stefán Hannesson	Brokey	2	3	3	3	11	3
Marek Ari Baeumer	Þytur	4	DNF	DNF	DNF	19	4

## Íslandsmót Brokey



Nafn / Optimist	Félag	Bátur	R1	R2	R3	R4	R5	R6	R7	R8	Stig	Stig	Sæti
Hrafnkell Hannesson	Brokey	Optimist	1	1	1	1	1	2	2	1	10	6	1
Ólafur Áki Kjartansson	Brokey	Optimist	2	2	3	3	3	1	1	2	17	11	2
Högni Halldórsson	Brokey	Optimist	3	3	2	2	2	3	3	4	22	15	3
Kjartan Christiansson	Þytur	Optimist	5	4	4	4	6	4	6	3	36	24	4
Daníel Ernir Jóhannsson	Brokey	Optimist	6	7	5	9	4	7	5	7	50	34	5
Vésteinn Gunnarsson	Brokey	Optimist	4	5	8	8	8	8	4	6	51	35	6
Lawin Þór Tejero Suson	Ýmir	Optimist	8	9	6	7	5	5	7	5	52	35	7
Hildur Karen	Þytur	Optimist	7	8	7	6	7	6	9	8	58	41	8
Stígur Sær Kjartansson	Ýmir	Optimist	9	DSQ	9	5	10	10	8	9	73	50	9
Stefnir Hún Gunnarsson	Þytur	Optimist	DNF	DNF	10	10	DNS	10	10	10	89	63	10
Sóley Raymondsdóttir	Ýmir	Optimist	DNF	10	DNF	DNF	8	9	DNS	DNS	92	66	11
Smári Hannesson	Þytur	Optimist	DNS	DNS	DNS	DNS	DNS	DNS	DNS	DNS	104	78	12

Nafn / Laser Radial	Félag	Bátur	R1	R2	R3	R4	R5	R6	R7	R8	Stig	Stig	Sæti
Þorlákur Sigurðsson	Nökkvi	Laser Radial	1	1	1	1	1	1	1	1	8	6	1
Ísabella sól Tryggvadóttir	Nökkvi	Laser Radial	2	2	5	2	2	2	3	3	21	13	2
Tara Ósk Markúsdóttir	Þytur	Laser Radial	4	4	2	3	3	4	4	2	26	18	3
Daði Jón Hilmarsson	Nökkvi	Laser Radial	3	3	3	4	4	3	2	DNF	29	18	4
Sigurður Háukur Birgisson	Ýmir	Laser Radial	5	5	4	5	6	5	5	4	39	28	5
David C. Finger	Þytur	Laser Radial	DNS	DNS	DNS	DNS	5	6	6	5	50	36	6

Nafn / Opinn flokkur	Félag	Bátur	R1	R2	R3	R4	R5	R6	R7	R8	Stig	Stig	Sæti
Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	Laser 4.7	1	1	1	1	1	1	1	1	8	6	1
Árni Friðrik Guðmundsson	Brokey	Laser 4.7	2	5	3	2	2	2	2	2	20	12	2
Aðalsteinn Jens Loftsson	Ýmir	RS Aero	4	2	2	4	5	5	6	4	32	21	3
Mahaut Ingiríður Matharel og Magdalena Sulova	Nökkvi	RS Feva	6	3	6	3	4	4	4	3	33	21	4
Kirill Zolotuskiy	Brokey	Laser 4.7	5	4	4	5	8	3	3	5	37	24	5
Markús Elvar Pétursson	Þytur	Laser Standard	3	7	5	6	3	6	5	6	41	28	6
Helga Haraldsdóttir og Hólmfríður Haraldsdóttir	Ýmir	RS Quest	8	10	7	7	6	7	7	7	59	41	7
Benedikt Orri Árnason og Elias Joaquin Burgos	Ýmir	Topper Topaz	9	6	10	8	7	10	8	8	66	45	8
Sigurgeir Bjarki Söruson	Nökkvi	RS Tera	7	8	10	10	10	10	10	10	75	55	9

# Lokamót Nökkvi

## Laser Radial

Sæti	Nafn keppanda	Félag	R1	R2	R3
1	Hólmfríður Gunnarsdóttir	Brokey	1	2	2
2	Þorlákur Sigurðsson	Nökkvi	2	1	4
3	Hulda Lilja Hannesdótti	Brokey	4	4	1
4	Tara Ósk Markúsdóttir	Þyt	3	3	3
5	Árni Friðrik Guðmundsson	Brokey	6	5	5
6	Guðmundur Haukur Birgisson	Ýmir	7	7	6
7	Sigurður Sean Sigurðsson	Nökkvi	5	6	DNS
8	Kirill Zolotuskiy	Brokey	8	9	7
9	David Christian Finger	Þytur	10	8	8
10	Iða Ósk	Þytur	9	11	9
11	Mikael	Þytur	11	10	10

## Optimist

Sæti	Nafn keppanda	Félag	R1	R2	R3
1	Marek Ari Beamuer	Þytur	1	1	2
2	Högni Halldórsson	Brokey	1	1	2
3	Jóhannes Andreas	Þytur	2	2	4
4	Kjartan Christiansson	Þytur	4	3	3
5	Smári Hannesson	Þytur	6	6	5
6	Sóley Raymondsdóttir	Ýmir	5	5	DNS
7	Stefnir Gunnarsson	Þytur	8	7	6
8	Hildur Karen Jónsdóttir	Þytur	7	8	7
9	Steini Lilja Einarsdótti	Þytur	9	9	9
10	Einar Karld Kristinsson	Þytur	10	10	8

## RS TERA

Sæti	Nafn keppanda	Félag	R1	R2	R3
1	Magdalena Sulova	Nökkvi	1	2	1
2	Þórhildur Liljga Einarsdóttir	Nökkvi	2	1	2
3	Gísli Jóhannsson	Nökkvi	3	3	3
4	Alexander Cabrera	Nökkvi	4	DNS	DNS
5	Óli Bjarni Ólason	Nökkvi	DNF	DNS	DNS

## RS FEVA

Sæti	Nafn keppanda	Félag	R1	R2	R3
------	---------------	-------	----	----	----

1	Mahut I. Matharel og Snædís Brynja Traustadóttir	Nökkvi	1	3	1
2	Benedikt Orri Árnason og Eías Joaquin Burgos	Ýmir	2	1	3
3	Helga Haraldsdóttir og Hólmfríður Haraldsdóttir	Ýmir	3	2	2
4	Alex og Víðir	Nökkvi	4	4	4

## Opinn flokkur

Sæti	Nafn keppanda	Félag	R1	R2	R3
1	Aðalsteinn Jens Loftsson	Ýmir	1	1	1
2	Markús Pétursson	Þytur	2	2	2

Bart Bash SÍL

féll niður vegna skorts á skráningum

Áramót Ýmir

Féll niður vegna keppnisbanns vegna COVID-19

## *Kjölbátar*

Opnunarmót Þytur. Var ekki haldið á auglýstum tíma en var tekið með sem hluti af Íslandsmóti og veitt verðlaun eina umferð til að þessa keppni væri inni. Sjá töflu fyrir Íslandsmót

Hátíð hafsins Brokey

Sjómannadagsráð aflýsti Hátíð hafsins vegna samkomutakmarkana og því var keppnin ekki haldin

# Faxaflóahafnir

## 1. umferð Sprettur Reykjavík-Akranes

sæti	bátur	félag	forgjöf	sigldur tími	leiðr. tími
1	Sigurborg	Ýmir	0,928	02:12:52	02:03:18
2	Besta	Brokey	0,940	02:17:05	02:08:52
3	Ísmolinn	Þytur	0,983	02:11:44	02:09:30
4	Sigurvon	Brokey	0,939	02:18:39	02:10:12
5	Gulla Granna	Brokey	0,939	02:20:50	02:12:15

## 2. umferð Keppni 1 á Akranesi

sæti	bátur	félag	forgjöf	sigldur tími	leiðr. tími
1	Besta	Brokey	0,940	01:26:20	01:21:09
2	Sigurvon	Brokey	0,939	01:28:38	01:23:14
3	Ísmolinn	Þytur	0,983	01:25:18	01:23:51
4	Sigurborg	Ýmir	0,928	01:31:12	01:24:38
4	Gulla Granna	Brokey	0,939	01:30:44	01:25:12

## 3. umferð Keppni 2 á Akranesi

sæti	bátur	félag	forgjöf	sigldur tími	leiðr. tími
1	Besta	Brokey	0,940	00:39:37	00:37:14
2	Sigurborg	Ýmir	0,928	00:41:57	00:38:56
3	Ísmolinn	Þytur	0,983	00:40:25	00:39:44
4	Sigurvon	Brokey	0,939	00:42:27	00:39:52
5	Gulla Granna	Brokey	0,939	00:44:04	00:41:23

## 4. umferð Akranes Reykjavík

sæti	bátur	félag	forgjöf	sigldur tími	leiðr. tími
1	Sigurborg	Ýmir	0,928	04:12:56	03:54:43
2	Besta	Brokey	0,940	04:13:50	03:58:36
3	Gulla Granna	Brokey	0,939	04:17:00	04:01:19
4	Sigurvon	Brokey	0,939	04:22:20	04:06:20
5	Ísmolinn	Þytur	0,983	04:20:59	04:16:33

## Úrslit

sæti	bátur	félag		Stig
1	Besta	Brokey		6

2	Sigurborg	Ýmir		8
3	Sigurvon	Brokey		14
4	Ísmolinn	Þytur		14
5	Gulla Granna	Brokey		18

Íslandsmót Ýmir í samstarfi við Þyt því 1. umferð var jafnframt látin gilda sem opnunarmót og lokaumferð var látin gilda sem lokamót

Sæti	Bátur	Félag	R1	R2	R3	R4	R5	R6	R7	Samt
1	Dögun	Brokey	2	1	3	1	(3)	2	2	11
2	Skegla	Þytur	1	2	2	(4)	2	3	3	13
3	Íris	Brokey	4		1	3	1	(4)	1	8
4	Sigurborg	Ýmir	3	3	(5)	2	4	1	4	17
5	Gulla Granna	Þytur	5	5	4	6	6	5	(5)	31
6	Þerna	Brokey	6	6	6	5	5	(7)	7	35

## Lokamót Ýmir

Var felld inn í Íslandsmót, sjá hér fyrir ofan

## Íslandsbikar

### ÍSLANDBIKAR

Sæti	Bátur	Félag	Opnunarmót	Faxaflóamót	Íslandsmót	lokamót	Samtals
1	DOGUN	Brokey	8		10	8	26
2-3	Sigurborg	Ýmir	6	8	5	5	24
2-3	Skegla	Þytur	10		8	6	24
4	IRIS	Brokey	5		6	10	21
5	Gulla Granna	Brokey	4	4	4	4	16
6	BESTA	Brokey		10			10
7	Þerna	Þytur	3		3	3	9
8	SIGURVON	Brokey		6			6
9	ISMOLINN	Þytur		5			5

# Lög SÍL

## Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

### 1. Skipulag

- Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.  
Það er æðsti aðili innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.
- Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.
- Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.
- Tilgangur og markmið.

Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.

Önnur markmið eru:

- Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
- Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
- Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
- Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Efla siglingar sem tómsunda- og almenningsíþrótt.

### 2. Stjórnun

- Siglingasambandi Íslands er stjórnað af
  - Siglingaþingi
  - Stjórn SÍL
- Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kys árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukapings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

### 3. Siglingaþing

- Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.
- Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.
- Þrjú fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.
- Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflaga eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

- 3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflaga eða með tölvupósti minnst 3 vikum fyrir þingið.
- 3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.
- 3.7 Siglingaþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.
- 3.8 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:
- a. stjórn SÍL
  - b. heiðursformaður og heiðursfélagar
  - c. fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur siglingar innan sinna vébanda
  - d. framkvæmdastjórn ÍSÍ
  - e. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
  - f. allir nefndarmenn SÍL
  - g. fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.
- 3.9 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.
- 3.10 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.
- 3.11 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitun mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

#### 4. Dagskrá siglingaþings

- 4.1.1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
  - a) Fjárhagsnefnd 3 manna
  - b) Laga og leikreglanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
  - a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
  - b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
  - c) Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit
19. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal
- 4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.
- 4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

## 5. Aukaþing

- 5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.
  - a) Eftir ákvörðun siglingaþings
  - b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.
  - c) Að frumkvæði stjórnar SÍL
- 5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.
- 5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.
- 5.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.
- 5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.

## 6. Stjórn SÍL

- 6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:
  - a) 5 menn.  
Kosning fari þannig fram;  
1 formaður  
4 meðstjórnendur  
3 varamenn  
Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.
  - b) Stjórn kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.
  - c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.
  - d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.
- 6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annanhvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.



- 6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.
- 6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

## 7. Starf stjórnar

- 7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;
- a) Að framkvæma ályktanir siglingaþings
- b) Að annast rekstur sambandsins.
- c) Að vinna að eflingu siglinga.
- d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.
- e) Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.
- f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.
- g) Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.
- h) Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.
- i) Að sjá útgáfumál SÍL.

## 8. Sérráð

- 8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.
- 8.4 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

## 9. Ýmis ákvæði

- 9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.
- 9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mættra fulltrúa samþykkja kjörið.
- 9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.
- 9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.
- 9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

## 10. Slit SÍL

- 10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögþingi siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst  $\frac{3}{4}$  hluta atkvæða.
- 10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan láatin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.
- 10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu. Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.
- 10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með  $\frac{2}{3}$  hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. febrúar 2013,  
með breytingum samþykktum á 41. Siglingaþingi 22. febrúar 2014,  
með breytingum samþykktum á 45. Siglingaþingi 17. febrúar 2018.

# Reikningar 2020

## Rekstrarreikningur 1.1.2020-31.12.2020

Rekstrartekjur	2020	2019	2018	2017	2016
ÍSí útbreiðslustyrkur 1	2.987.448	2.801.804	3.593.995	3.210.149	2.956.233
ÍSí Lottó	4.422.805	4.167.925	3.202.034	3.432.954	3.267.302
ÍSí Afreksstyrkir		373.650			
Styrkur frá stjórnvöldum		2.750.000	2.750.000	2.800.000	2.600.000
Styrkur frá einkaaðilum og leiga á 29er		0	0	0	444.000
Vörusala (hagnaður)		286.897	257.969	105.005	282.641
IRC forgjafir	147.256	149.155	182.472	172.518	213.020
	<b>10.529.431</b>	<b>9.986.470</b>	<b>9.720.626</b>	<b>9.763.196</b>	
<b>Rekstrakostnaður</b>					
Launakostnaður	1.903.571	6.067.355	5.985.235	5.722.426	5.946.965
Leiga skrifstofu og skrifstofukostn.	448.383	726.735	639.475	620.261	629.517
Fundir erlendis		1.174.450	944.032	1.004.873	1.441.020
Fundir innanlands	80.800	44.950	372.410	0	13.575
Fagteymiskostnaður 2		0	47.300	0	0
Námskeið, æfingabúðir og keppnir	133.660	2.580.061	2.636.554	872.928	827.007
Styrkir og gjafir 3		9.400	53.900	42.700	43.856
Kostnaður v/forgjafar		100.371	105.876	61.079	112.837
Félags og aðildargjöld	355.477	154.436	154.918	147.765	268.500
	<b>10.857.758</b>	<b>10.939.700</b>	<b>8.472.032</b>	<b>9.283.277</b>	
<b>Hagnaður/-Tap fyrir fjármagnsgjöld</b>		-328.327	-953.230	1.241.594	479.919
Fjármunatekjur		37.914	51.750	5.445	28.916
Vaxtagjöld og verðbætur -		-23.987	-42.269	-57.839	-60.592
<b>Fjármunatekjur/ - gjöld</b>		<b>13.927</b>	<b>9.481</b>	<b>-22.394</b>	<b>-31.676</b>
<b>Hagnaður/-Tap ársins</b>		<b>-314.400</b>	<b>-943.749</b>	<b>1.219.200</b>	<b>448.243</b>

## Efnahagsreikningur

31.12.2019

Eignir	2019	2018	2017	2016
Veltufjármunir	2.237.109	2.291.691	2.830.365	2.754.070
Vörubirgðir	2.237.109	2.291.691	2.830.365	2.754.070
Skammtímakröfur	1.457.757	449.829	901.048	3.928.756
Viðskiptakröfur	1.457.757	449.829	901.048	3.928.756
Handbært fé	3.920.491	4.159.759	5.043.465	913.817
Bankainnistæður	3.920.491	4.159.759	5.043.465	913.817
<b>Eignir Alls</b>	<b>7.615.357</b>	<b>6.901.279</b>	<b>8.774.878</b>	<b>7.596.643</b>
Skuldir og eigið fé	2019	2018	2017	2016
Eigið fé Óráðstafað eigið fé	6.785.751	6.724.651	8.455.797	7.236.597
Eigið fé alls	6.785.751	6.724.651	8.455.797	7.236.597
Skammtímaskuldir Viðskiptaskuldir	829.606	176.628	319.081	360.046
Viðskiptaskuldir alls	829.606	176.628	319.081	360.046
Skuldir og eigið fé alls	<b>7.615.357</b>	<b>6.901.279</b>	<b>8.774.878</b>	<b>7.596.643</b>

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2018 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 22. febrúar 2020

---

Gunnar Haraldsson

---

Ólafur Már Ólafsson